



Borgarráð

Ársfjórðungsskýrsla Græna plansins - annar ársfjórðungur 2021

Lögð er fram til kynningar ársfjórðungsskýrsla Græna plansins fyrir apríl til júní 2021.

Græna planið var samþykkt í borgarstjórn 15. desember 2021. Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar sem dregur saman á einn stað helstu lykilverkefni og grænar fjárfestingar í borginni á komandi 10 árum.

Græna planið er byggt á hugmyndafræði sjálfbærni og er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugum atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.

Lykilviðir græna plansins eru þrjár; efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg en sjálfbærni næst ekki nema tillit sé tekið til allra þriggja þátta. Græna planið er umfangsmikið og í því eru tilgreindar lykilstefnur, aðgerðir og áætlanir undir hverri vídd. Þá voru settar fram forgangsaðgerðir í aðgerðaáætlun Græna plansins fyrir árið 2021.

Í þeim tilgangi að gefa greinargóða mynd af framgangi mála við innleiðingu Græna plansins eru lagðar fram ársfjórðungslegar stöðuskýrslur fyrir borgarráð þar sem farið er yfir stöðu helstu verkefna, einkum m.t.t. til forgangsverkefna fyrir árið 2021.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Ársfjórðungsskýrsla Græna plansins - annar ársfjórðungur 2021.



Græna planið

Sóknaráætlun Reykjavíkurborgar til 2030

ÁRSFJÓRÐUNGSSKÝRSLA – APRÍL TIL JÚNÍ 2021

1 Inngangur

Borgarstjórn ákvað á fundi sínum 2. júní 2020 að unnin yrði langtímaáætlun um fjármál og fjárfestingu Reykjavíkurborgar, Græna planið, byggt á hugmyndafræði sjálfbærni, sem legði fram skýra framtíðarsýn um blómstrandi og kolefnishlutlaust borgarsamfélag þar sem allir geta fundið sér tilgang og hlutverk.

Græna planið var samþykkt í borgarstjórn 15. desember 2021. Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar sem dregur saman á einn stað helstu lykilverkefni og grænar fjárfestingar í borginni á komandi 10 árum.

Græna planið er viðbragð við þeim efnahagslegu áföllum sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft í för með sér en ekki síður framtíðarsýn sem felur í sér blómlegri og grænni borg jafnra tækifæra fyrir alla borgarbúa.

Græna planið er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.

Lykilviddir græna plansins eru þrjár; efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg en sjálfbærni næst ekki nema tillit sé tekið til allra þriggja þátta.

Í aðgerðaáætlun Græna plansins 2021 er að finna stefnur, áætlanir og aðgerðir fyrir árið 2021. Fyrirhugað er að leggja ársfjórðungslega fyrir borgarráð stöðuskýrslu þar sem farið er yfir stöðu helstu verkefna, einkum m.t.t. til yfirlits í viðauka við [skýrslu um Græna planið](#) þar sem sett var fram yfirlit yfir stefnur, áætlanir og aðgerðir sem yrðu í forgangi árið 2021. Nánari upplýsingar má sjá á [heimasíðu Græna plansins](#).



2 Vaxandi borg

Þróun atvinnulífs til 2030

GRÆNN VÖXTUR

Í Reykjavík er kraftmikið, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsóknna og athafna



Aðgerðir í fjármálum

Borgarstjórn hefur í fyrsta sinn sett sér **fjármálastefnu** og er hún til 10 ára. Þar er að finna með heildstæðum hætti þau markmið sem sett hafa verið til að vaxa út úr samdrættinum sem fylgt hefur COVID-19 faraldrinum og til að takast á við framtíðina. Skilaboð borgarstjórnar eru kröftug viðbrögð gegn atvinnuleysi og samdrætti með fjárfestingaráttaki til þriggja ára ásamt virkni- og vinnumarkaðsaðgerðum.

Til að ná markmiðum fjármálastefnu hefur verið sett fram **aðgerðaráætlun í fjármálum**. Þær aðgerðir sem eru tilteknaðar í aðgerðaráætluninni eru annaðhvort í undirbúningi eða þegar hafnar.

Í febrúar sl. samþykkt borgarstjórn að veita 460 m.kr. í **vinnu- og virkniaðgerðir**. Ávinningur af þessum aðgerðum er byrjaður að birtast en t.d. var fjöldi notenda á fjárhagsaðstoð fyrstu sex mánuði ársins 1.287 að meðaltali eða um 23% undir áætlun. Vænst er til þess að til lengri tíma leiði aðgerðirnar til minni útgjalda borgarinnar og sterkari viðspyrnu á vinnumarkaði

Þriggja ára **fjárfestingaráttak í stafrænni umbreytingu** er gríðarlega mikilvægt verkefni sem þegar er komið í undirbúning. Starfseiningar og þjónustupættir borgarinnar eru beðin um að líta til þeirra tækifæra sem eru til staðar og velja verkefni í ljósi þess ávinnings sem hægt er að ná. Markmiðið er að ná fram skilvirkari þjónustu stytta boðleiðir. Lögð er áhersla á sókn borgarinnar og nútímavæðingu í rekstri.

Þá er hafin undirbúningur við **miðlæg innkaup** en á fyrri hluta ársins tók til starfa innkaupastjóri borgarinnar og er hans hlutverk að leita hagkvæmustu lausna í innkaupum og rekstri. Gert er ráð fyrir að ávinningur af verkefninu muni birtast strax á næsta ári.

Húsnæðis- og úthlutunaráætlun

Markmið Græna plansins er að **árlega verði byggðar 1.000 íbúðir** og þar af verði 250 íbúðir á vegum húsnæðisfélaga.

Mikill kraftur einkenndi húsnæðisuppbyggingu í Reykjavík á öðrum ársfjórðung ársins 2021. Byggingarfulltrúi samþykkti áform fyrir uppbyggingu á 485 íbúðum og hófust framkvæmdir við byggingu á 276 íbúðum á þessum þremur mánuðum. Það eru um **2.400 íbúðir í byggingu** í Reykjavík í lok annars ársfjórðung.

Á öðrum ársfjórðungi var skipulag auglýst til kynningar á reitum þar sem byggja má yfir 5.000 íbúðir og skipulag var samþykkt á reitum þar sem byggja má 1.000 íbúðir. Þá hafa á árinu verið gerðir samningar á fjölda reitum þar sem byggja má hátt í tvö þúsund íbúðir.

Stefnt er að því að leggja fram uppfærða **úthlutunaráætlun** lóða á þriðja ársfjórðung.

Grænir þekkingarkjarnar

Vinna við **nýtt félag miðborgarinnar** gengur vel og er stefnt að ráðstefnu í haust þar sem sú vinna verður kynnt ásamt stöðu verkefna varðandi þróun á atvinnuhúsnæði í miðborginni. Stór áfangi náðist varðandi miðborgina þegar ákveðið var að **Listaháskóli Íslands** myndi flytjast í húsnæði Tollstjóra við Tryggvagötu 19. Undirbúningur alþjóðlegrar markaðssetningar Þekkingarþorpsins í Vatnsmýri undir heitinu **Reykjavík Science City** er í fullum gangi undir forystu Íslandsstofu. Undirbúningur að stofnun þekkingarkjarna í **Gufunesi** er hafin auk þess sem nokkrar eignir þar eru nú í sölufarli undir verkefni á sviði skapandi greina. Deiliskipulagsvinna við nýtt athafnasvæði við **Hólmsheiði** er í fullum gangi og hafa áhugasamir aðilar þegar óskað eftir lóðarvilyrðum á svæðinu undir sína starfsemi.

Markaðsátak í ferðamálum

Innlend **markaðssetning fól af stað** af fullum þunga í maí undir merkjum Borgarinnar okkar á öllum helstu miðlum. Erlend markaðssetning, undir merkjum RE, var áfram unnin í gegnum samfélagsmiðla, almannatengsl og samstarfsverkefni. Eftir undirbúning í vor fór herferðin formlega af stað á erlendum mörkuðum í byrjun júlí.

Framan af sumri naut Ísland og Reykjavíkurborg meðbyrs hvað ferðaþjónustu varðar vegna árangurs gagnvart COVID-19 og þess að hafa verið í fararbroddi með afléttingar takmarkana en **samkeppnin harðnar hratt** og það verður áfram áskorun skv. greiningum Íslandsstofu að sannfæra ferðamenn um að velja Ísland fram yfir aðra áfangastaði (greiningar Íslandsstofu¹). Því er áfram mikilvægt að sinna öflugum markaðsstarfi á okkar helstu mörkuðum.

Framboð af gistingu og afþreyingu er til staðar og eftirspurnarhliðin á ferðaþjónustu hefur vaxið þétt undanfarið. Ferðamálastofa gerir ráð fyrir að um 890.000 ferðamenn

¹ Samantekt upplýsinga frá Íslandsstofu, m.a. úr [viðhorfskönnun meðal erlendra söluaðila um íslenska ferðaþjónustu](#) frá júní 2021.

muni sækja landið heim á þessu ári og að á næsta ári verði fjöldinn svipaður og 2019, þ.e. um 1.950 þúsund (Greining Ferðamálastofu²).

Skv. fjárhagsgreiningu KPMG sem unnin var fyrir Ferðamálastofu árið 2020 var **staða ferðapjónustunnar veik** fyrir COVID-19, en staða greinarinnar hafði versnað á árinu 2019. Mörg fyrirtæki voru með of háa skuldsetningu miðað við rekstrarafkomu og lítið eigið fé og því illa í stakk búin fyrir algjört tekjufall vegna COVID-19 (Greining KPMG fyrir Ferðamálastofu³).

² <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/category/1/ferdamalastofa-gerir-rad-fyrir-taeplega-2-milljonum-ferdamanna-a-naesta-ari>

³ <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2020/desember/fjarhagsgreining-stada-ferdathjonustufyrirtækja-2019.pdf>

3 Græn borg

Áratugur aðgerða framundan í umhverfis- og loftslagsmálum

KOLEFNISHLUTLAUS BORG

Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.



Grænn vöxtur í aðalskipulagi og aðgerðir í loftslagsmálum

Stefnumótun – Aðalskipulag og hjólreiðaáætlun

Aðalskipulag til ársins 2040 í auglýsingu

Tillögur að umfangsmiklum **breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkur** voru samþykktar í auglýsingu á fundi borgarstjórnar þann 15. júní. Breytingarnar snúa einkum að stefnu um íbúðabyggingu innan þéttbýlismarkna borgarinnar. Auk þess eru boðaðar stöku breytingar á völdum atvinnusvæðum og samgönguinnviðum. Tillögurnar gera einnig ráð fyrir því að tímabil aðalskipulagsins verði framlengt til ársins 2040 og í tilefni þess eru sett fram ný megin markmið í völdum málaflokkum. Drög að tillögunum voru í forkynningu síðastliðinn vetur. Fjöl margar athugasemdir komu fram við drögin og hefur verið komið til móts við margar þeirra í þeirri tillögu sem nú er í auglýsingu. Tekið verður við ábendingum og athugasemdum til 31. ágúst.

Ný hjólreiðaáætlun var samþykkt í borgarstjórn 15. júní 2021 og stýrihópur um innleiðingu skipaður 7. júlí. Borgarráð hefur samþykkt að bjóða út framkvæmdir við hjólreiðastíga fyrir **1,5 milljarð** króna á þessu ári.

Drögum úr losun gróðurhúsalofttegunda

Nýr og grænn borgarhluti

Tillögur að deiliskipulagi fyrir fyrstu tvo áfanga í **uppbyggingu Ártúnshöfða og Elliðaársvogs** voru samþykktar til auglýsingar í júní. Ártúnshöfði, Elliðaársvogur er stærsta þróunar- og uppbyggingarsvæði Reykjavíkur og stefnt er að svæðið verði umhverfisvottað í samræmi við BREEAM vottunarkerfið.

HverfisSKIPULAG – Breiðholt

HverfisSKIPULAG fyrir Breiðholt var samþykkt á tímabilinu. HverfisSKIPULAGIÐ hefur verið undirbúið í samráði við **hundruði Breiðhyltinga** og byggir á að halda í það fjölmarga

sem er gott í hverfinu en breyta öðru. Leiðarljósið er sjálfbært hverfi og að gera Breiðholtið að enn betri stað til að búa á.

Sementsturnarnir á Sævarhöfða verða tákn sjálfbærni

Niðurstöður í alþjóðlegu hönnunarsamkeppninni Reinventing Cities, C40 urðu þær að sementsturnarnir á Sævarhöfða fá að standa áfram, fá nýtt líf og verða tákn sjálfbærni. Vinningstillagan gerir ráð fyrir borgarbúskap, veitingastað og lifandi samfélagsmiðu í ört stækkandi Bryggjuhverfi.

Miklabraut og Sæbraut í stökk

Nokkur hönnunarteymi hafa unnið tillögur um **Miklubrautarstökk og Vogabyggðarstökk** og voru þær tillögur kynntar á fundi 15. júní í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Tillögurnar eru afrakstur hugmyndaleitar sem Reykjavíkurborg auglýsti 2020. Vogabyggðarstökkurinn verður m.a. hluti af uppbyggingu fyrsta áfanga af Borgarlínu. Nálgast má kynningarnar á skipulag.reykjavik.is.

Hönnunarsamkeppni um Fossvogsbrú

Ríkiskaup fyrir hönd Vegagerðarinnar hefur boðið til opinnar hönnunarsamkeppni, sem er framkvæmdasamkeppni, um útlit og hönnun brúar yfir Fossvog fyrir almenningssamgöngur, m.a. Borgarlínu, hjólandi og gangandi ásamt stígum, akreinum og umhverfi að brúnni innan samkeppnissvæðis.

Gönguleiðir endurnýjaðar í eldri hverfum

Borgarráð hefur heimilað umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við endurnýjun gönguleiða í eldri hverfum á þessu ári. Alls verða endurnýjaði um **2,6 kílómetrar** af gangstígum og gangstéttum.

Dregið úr umferðarhraða og mengun

Tillaga að hámarkshraðaáætlun Reykjavíkur hefur verið samþykkt. Markmið hennar er að stuðla að bættu umferðaröryggi í Reykjavík til að koma í veg fyrir alvarleg slys á fólki í umferðinni. Nauðsynlegt er að draga úr umferðarhraða til að ná því. Rannsóknir sýna að hraði bifreiða hefur einnig mikil áhrif á mengun. Lækkun hraða gæti skapað allt að **40% samdrátt í magni svifryks** ef keyrt yrði á 30 km hraða í stað 50 km. Nagladekk slíta vegum 20 – 30 falt hraðar en ónegld dekk.

Orkuskipti

Kærunefnd útboðsmála komst að þeirri niðurstöðu að Orku Náttúrunnar, ON, hefði ekki verið heimilt að taka gjald fyrir afnot af stöðvunum sem settir hafa verið upp. Straumur var því tekinn af 156 hleðslustöðvum. Farið hefur verið fram á frestun réttaráhrifa úrskurðarins. Nefndin hefur gefið Ísorku og ON frest til 30. júní til að skila umsögnum um málið. Óvissa ríkir um hvenær hægt verður að taka stöðvarnar aftur í notkun.

Bensínstöðvum fækkar um þriðjung í Reykjavík

Í lok júní hjólaði borgarstjóri milli þriggja bensínstöðva; Ægissíðu, Egilsgötu og Miklabraut, og skrifaði undir samning við Festi og Krónuna, Olíuverslun Íslands og Haga og Skeljung um **nýtt hlutverk bensínstöðvalóða** í þeirra eigu. Olíufélögin munu sjá um framtíð eða sölu sinna lóða en með það fyrir augum að lóðirnar nýtist undir íbúðir og atvinnuhúsnæði.

Á fimmta tug bensínstöðva eru í Reykjavík og þær búa yfir landrými sem gæti rúmað allt að 1.400 íbúðir. Með nýrri samþykkt, er í upphafi horft til 12 stöðva í íbúðarhverfum víðs vegar um borgina þar sem reisa má a.m.k. 500 íbúðir. Með fækkun stöðvanna fækkar eldsneytisstöðvum í íbúðabyggð en stöðvar verða áfram starfræktar fyrst og fremst við stærri umferðargötur. Jarðefnaeldsneytisdælum fækkar úr 109 í 73 eða um 33%.

Græn svæði, kolefnisbinding og blómleg borg

Nýtt deiliskipulag fyrir Rauðhóla auglýst

Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Rauðhóla hefur verið sett í auglýsingu. Tilgangurinn er að bæta alla umgjörð í kringum umferð gangandi, hjólandi og ríðandi um svæðið til að styðja við góða upplifun fjölbreyttra útivistarhópa af þessu svæði í takt við náttúruna. Markmiðið er jafnframt að hlúa að svæðinu og stuðla að vernd þess.

Opin leiksvæði endurgerð

Opin leiksvæði við Víðihlíð, Grænuhlíð, Ljósheima, Vesturás, Þverás, Deildarás og Kleifarvegverða verða endurgerð í sumar. Endurgerðin felur í sér landmótun, endurnýjun gróðurbeða, leiktækja og yfirborðsefna eftir þörfum. Áhersla er á öryggismál eins fallvarnarefni og aðgengi fyrir alla. Áætlaður kostnaður er 120 milljónir króna.

180 blómategundir í borginni í sumar


Sumarblómin sem prýddu borgina í sumar koma flest öll úr Ræktunarstöð Reykjavíkur. **Gulur var þemaliturinn** í ár en 180 tegundir og yrki mátti finna í blómaflórunni í Reykjavíkurborg í sumar þegar öll litbrigði eru talin með.

4 Borg fyrir fólk

Þróun borgarsamfélagsins til 2030

ENGIN SKILIN EFTIR

Í Reykjavík verður græna umbreytingin byggð á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Íbúar búa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra í nútíð og framtíð.



Unnið er að ýmsum samfélagslegum þáttum til að græna umbreytingin komi öllum borgarbúum til góða og tryggji að engin verði skilin eftir.

Mætum grunnþörfum íbúa um lífsskilyrði og öryggi

Þegar litið er til þess hvernig grunnþörfum íbúa um lífsskilyrði og öryggi er mætt þá er unnið skv. áætlunum í **uppbyggingu og viðhaldi húsnæðis**, svo sem leikskóla í verkefninu Brúum bilið, húsnæði grunnskóla- og frístundastarfs, búsetukjarna fyrir fatlað fólk, húsnæði aldraða, húsnæði fyrir heimilislausa o.s.frv. Samþykkt var nýtt átaksverkefni í uppbyggingu leikskóla í Reykjavík sem hrinda á í framkvæmd síðar á árinu; þ.e. ný leikskólahús úr einungum á þremur stöðum í Reykjavík þar sem þörfin er mest og tvær fullbúnar leikskólarútur.

Ný **velferðarstefna Reykjavíkur til ársins 2030 ásamt ítarlegri aðgerðaáætlun sem gildir til ársins 2025** var samþykkt í borgarstjórn 15. júní 2021. Rauður þráður nýrrar velferðarstefnu er að öll þjónusta er skipulögð og framkvæmd út frá þörfum og vilja notenda. Helstu breytingar sem stefnan felur í sér er að þjónustusvæði borgarinnar verða fjögur og rafræn þjónustumiðstöð verður sett á laggirnar og þjónusta við börn og fjölskyldur efld.

Áframhaldandi innleiðing á **menntastefnu** og **frístundastefnu** er í ferli. Hafinn er undirbúningur nýrrar löggjafar um farsæld barna og samþykktar hafa verið tillögur stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustubarfir.

Aðgerðaáætlun gegn sárafátækt liggur fyrir en í henni má finna aðgerðir sem miða að því að sporna við sárafátækt hjá börnum og fjölskyldum þeirra. Í aðgerðaráætluninni eru settar fram 15 aðgerðir til ársins 2023; fimm aðgerðum er lokið, 9 aðgerðir eru í ferli og 2 aðgerðir eru ekki hafnar.

Samráðsferli um **aðgengisstefnu** er á lokastigum og áætlað er að stefnan fari í umsagnarferli í haust.

Fólk í fyrirrúmi

Aðgerðir og þjónusta eru skipulögð út frá áherslupættinum fólk í fyrirrúmi og til að skapa jöfn tækifæri fyrir íbúa borgarinnar. Verkefnið **Betri borg fyrir börn** sem hefur verið tilraunaverkefni í Breiðholti miðar að því að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi. Samþykkt var á tímabilinu að innleiða verkefnið um alla Reykjavíkurborg.

Unnið er að innleiðingu nýrrar löggjafar um **farsæld barna** og innleiðingu tillagna stýrihóps Ísaks um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustubarfir sem samþykktar voru í júní 2021. Ráðinn hefur verið verkefnastjóri og faglegur leiðtogi skólaþjónustu þjónustumiðstöðva í núverandi mynd sem vinnur fyrir skóla- og frístundasvið og velferðarsvið. Undirbúningur er hafinn við að setja af stað ýmsa starfshópa vegna verkefnisins.

Jafnframt er unnið samkvæmt áætlunum við að efla **stuðning við börn af erlendum uppruna** í skóla- og frístundastarfi til að tryggja virka þátttöku þeirra og hefur verkefnið **Velkomin í hverfið** nú verið innleitt í öll hverfi borgarinnar.

Í velferðarþjónustu hefur markvisst verið unnið að því að auka umfang **notendasamráðs** og notendakannana. Lögð er áhersla á að samtal og kannanir séu á nokkrum tungumálum til að fá raddir sem flestra. Á öðrum ársfjórðungi var framkvæmd viðamikil aðgengiskönnun meðal notenda velferðarsviðs þar sem kallað var eftir óskum þeirra hvernig þeir vilja sækja um þjónustu til sviðsins og eiga samskipti um þjónustuna. Þær niðurstöður voru nýttar inn í vinnu við velferðarstefnu og aðgerðaáætlun með velferðarstefnu. Þar komu fram sterkar óskir notenda um að nálgast þjónustuna um rafrænum hætti. Stofnun **rafrænnar þjónustumiðstöðvar** er m.a. ákall við þeim óskum.

Í **velferðartækni** er áframhaldandi þróun og innleiðing verkefna. Í heimahjúkrun eru áframhaldandi prófanir á verk- og tækniferlum skjáheimsókna og hafa notendur val um að fá skjáheimsókn í stað hefðbundinna heimsókna heimahjúkrunar. Þannig hefur myndsamtölum í heimahjúkrun fjölgað um 46% á tímabilinu. Undirbúningur af hafinn fyrir prófanir á sjálfvirkum lyfjaskömmtum í heimþjónustu.

Þá eru yfirstandandi **vinnu- og virkniúrræði** borgarinnar til að skapa störf og virkniúrræði fyrir þá sem eru atvinnulausir eða notendur fjárhagsaðstoðar enda er búist við töluverðu atvinnuleysi fram eftir ári. Vinnumarkaðsaðgerðir hófust haustið 2020 með áherslu á ráðningu einstaklinga með og án bótaréttar, oftast í 6 mánaða ráðningar. Í sumar er búð að ráða alls 163 einstaklinga. 477 viðbótarsumarstörf fyrir námsfólk 18 ára og eldri voru í boði í samvinnu við Vinnumálastofnun og voru þau fullnýtt af sviðum Reykjavíkurborgar. Einnig var fjölgað um 200 störf fyrir 17 ára einstaklinga og voru þau einnig fullnýtt af sviðum Reykjavíkurborgar. Almenn ánægja er með sumarstarfsfólk og mörg verkefni sem hafa fengið brautargengi vegna þessa.

Teymisstjóri Virknihúss hefur tekið til starfa og undirbúningur að starfi Virknihúss er hafinn með góðu samstarfi við Vinnu og virknimiðlun borgarinnar. Verið er að leita að heppilegu húsnæði fyrir starfsemi Virknihúss.

Samtal og þátttaka íbúa

Hvað varðar samtal og þátttöku íbúa er áfram unnið að því að borgarbúar láti í sér heyra. Drög að **lýðræðisstefnu** Reykjavíkur eru í umsagnarferli fram í ágúst 2021 og er áætlað er stefnudrögin, aðgerðaráætlun og mælanleg markmið verði lögð fyrir borgarstjórn í september 2021.

Menntun fyrir alla

Menntun fyrir alla á öllum aldursskeiðum er lykilþáttur í starfsemi borgarinnar. Í upphafi árs var hleypt af stokkunum þriggja ára **átaksverkefni í snjallvæðingu** í skóla- og frístundastarfi þar sem er lögð áhersla á þróun kennslu- og starfshátta og valdeflingu barna og ungmenna í gengum tækni og sköpun. Börn og unglingar eru bæði í formlegu og óformlegu námi í skóla- og frístundastarfi. Á grunni **menntastefnu** Reykjavíkurborgar er unnið að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri og eru fjölmörg slík verkefni í gangi í skóla- og frístundastarfi. Fylgst er með líðan barna og unginga í reglubundnum könnunum. Rannsóknir og greining vann rannsókn um heilsu og líðan ungs nemenda í 8., 9. og 10. bekk grunnskólum Reykjavíkur í febrúar 2021.⁴ Þá var nemendakönnun Skólapúlsins fyrir nemendur í 1-5. bekk grunnskóla framkvæmd og niðurstöður síðast uppfærðar í lok maí 2021.⁵

Bætt lýðheilsa

Drög að **lýðheilsustefnu** Reykjavíkur voru lögð fram til kynningar í borgarráði í maí 2021 og til fyrri umræðu í borgarstjórn 1. júní 2021. Stefnudrögin eru til birtingar og samráðs á Betri Reykjavík fram í ágúst 2021. Í aðgerðaáætlun stefnunnar eru vel á fjórða tug aðgerða sem ætlað er að vinna að þremur meginmarkmiðum stefnunnar; a) Bætt heilsa og vellíðan á öllum æviskeiðum, b) Jöfnuður til heilsu og vellíðanar – enginn skilinn eftir og c) Heilsa og vellíðan er vegvísir í allri starfsemi Reykjavíkurborgar. Aðgerðir stefnunnar dreifast á öll fagsvið Reykjavíkurborgar auk þess sem áhersla er á þátttöku í heilsuefandi leik- og grunnskólustarfi og heilsuefandi eldri borgara í samstarfi við Landlæknisembættið. Í lok apríl hófst einnig vinna við mat á áhrifum COVID-19 faraldursins og samfélagslegra takmarkana vegna hans á lýðheilsu eftir hópum innan samfélagsins.

⁴ Niðurstöður rannsóknarinnar má sjá hér: <https://innri.reykjavik.is/is/gogn-og-gaedamal/skyrslur-og-aaetlanir>. Hlekkurinn er á skýrslur R&G á innri vef Reykjavíkurborgar sem er eingöngu fyrir Reykjavíkurborg. Niðurstöður fyrir landið allt má sjá hér: <https://rannsoknir.is/skyrslur/>.

⁵ **Samantekt** á því hvernig hlustað er á raddir barna og fylgst með líðan og högum þeirra í gegnum kannanir, lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. mars 2021.

5 Stoðaðgerðir

Sviðsmynda- og áhættugreiningar

Gerð sviðsmynda um það hvernig borg Reykjavík verður árið 2035 með tilliti til efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra þátta var langt á veg komin í lok júní.

Könnun um hvaða drifkraftar það eru sem hafa munu áhrif á þróun borgarinnar var send til þátttakenda um miðjan maí. 113 einstaklingar utan borgarkerfisins sem og innan þess voru beðnir um að taka þátt og bást alls 77 svör. Í framhaldi voru haldnar tvær sviðsmyndavinnustofur þar sem alls 21 tóku þátt. Stefnt er að því að klára gerð sviðsmynda fyrir miðjan júlí og að því að nota sumarið til að rýna niðurstöðurnar áður en þær verða til kynningar í ágúst.

Stafræna umbreytingin

Stafræna umbreytingin felur í sér að ná fram efnahagslegri, jafnt og umhverfisvænni hagræðingu í starfsemi borgarinnar á þann hátt að upplýsingatækni sé nýtt á skynsaman og upplýsandi hátt. Upplýsingatæknin verði drifkraftur í allri nýsköpun og endurmótun borgarinnar. Tæknilegir grunninniðir hafa verið styrktir til að undirbúa farveginn fyrir stafrænni umbreytingu borgarinnar. Endurskipulagning á verklagi og ferlum hefur staðið yfir ásamt ráðningum á auknum mannauði til að koma verkefnum á laggirnar. Búið er að manna allar stöður fyrir stafræna leiðtoga fagsviðanna og flestir nú þegar hafið störf og eru að kynna sér og ná utan um forgangsröðun verkefna. Upplýsingatækniinniðir hafa verið styrktir og lagður grunnur að innkaupum fyrir grænni upplýsingatæknirekstur. Vinna stendur yfir við tilfærslu á tölvuvélasölum í skilvirkari gagnageymslu á borð við græn gagnaver og við markvissa innleiðingu á fjarfundarbúnaði inn á starfstöðvar og í hugbúnaðardreifingu.

6 Samvinna við fyrirtæki borgarinnar

Í ársbyrjun 2021 voru samþykkt erindisbréf fyrir fjóra starfshópa til að efla samvinnu Reykjavíkurborgar við B-hlutafyrirtækin. Í starfshópunum sitja fulltrúar borgarinnar og B-hlutafélaganna jafnframt þess sem samráð er við aðra hagsmuna aðila.

Starfshóparnir eru:

- a. Samstarf um orkuskipti á næstu árum með þátttöku borgarinnar og fyrirtækja hennar til að tryggja markviss og góð orkuskipti á næstu árum.
- b. Samstarf um græn innkaup, sjálfbæra og félagslega fjármögnun og önnur græn fjármál til að drífa áfram græna planið á næstu árum fyrir Reykjavíkurborg og fyrirtæki hennar.
- c. Stefnumótun fyrir Hringrásarhagkerfið í borginni með aðkomu fyrirtækja borgarinnar, sem tekur til söfnunar og miðlunar, innkaupa og fráveitna, t.d.

nýtingu á glatvarma, en einnig langlífi hluta, endurnýtingu og aðgerðir gegn plastmengun og matarsóun.

d. Reykjavík sækir fram og verði ein af kolefnishlutlausum borgum innan EES svæðisins 2030 og verði með því sýnidæmi innan Horizon Europe áætlunar Evrópusambandsins sem gefur tækifæri til að draga að fjárfestingar og styrkfé til metnaðarfullra nýsköpunarverkefna í borginni.

Starfshóparnir skiluðu niðurstöðum í byrjun júní og þann 14. júní voru tillögur þeirra kynntar í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Tillögurnar ávarpa m.a. reglubundið samráð borgarinnar og fyrirtækja hennar og verður áfram til skoðunar hvernig má treysta það betur í sessi. Tillögurnar eru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

7 Innleiðing sjálfbærniastaðla

Til að mæla árangur Græna plansins horfir Reykjavíkurborg til innleiðingar staðla sem mæla sjálfbærni. Reykjavíkurborg skrifaði í september 2020 undir samning um að innleiða staðalinn ISO 37120, um sjálfbærar borgir og samfélög frá alþjóðlegu samtökunum World Council on City Data (WCCD). Staðallinn mælir umhverfislega, efnahagslega og samfélagslega sjálfbærni borgarinnar og styður við innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna hjá borgum. Reykjavíkurborg mun innleiða þrjá ISO staðla um sjálfbærar borgir og samfélög. Staðlarnir samanstanda hver um sig af 60-150 mælikvörðum í 17 yfirflokkum sem stýra og mæla frammistöðu borga á hverju áherslusviði fyrir sig. Vottun verður svo veitt árlega eftir því hve mörgum mælikvörðum verður skilað inn hverju sinni.

Innleiðingu fyrsta staðalsins, ISO 37120 um þjónustuveitingu borgarinnar og lífsgæði íbúa hennar, er nú lokið og hlýtur borgin vottun haustið 2021 frá samtökunum World Council on City Data (WCCD) en þau aðstoða borgina í þessu verkefni. Reykjavíkurborg og WCCD hafa átt í miklu samtali um aðferðarfræði og nálgun hvers og eins mælikvarða og hefur borgin tekið inn sjónarmið óháðs þriðja aðila sem hefur nú staðfest að borgin hljóti hæstu gæðavottun sem býðst og hlaut mikið lof fyrir gæði gagna og fjölda mælikvarða sem skilað var inn.

Innleiðing annars staðalsins, ISO 37122, um snjallvæðingu borgarinnar er samtímis þessu kominn vel á veg en niðurstöðum verður skilað til WCCD í júlí 2021. Unnið verður úr athugasemdum ef einhverjar verða með það markmið að skila inn niðurstöðum og lykiltölum sem gagnast borginni til þess að fylgjast með framþróun snjallvæðingar og að hafa samanburð við aðrar borgir. Reykjavíkurborg verður í hópi fyrstu borga heims til þess að hljóta þessa snjallborgarvottun haustið 2021.

Markmið Reykjavíkurborgar með innleiðingu snjallstaðalsins er að mæla árangur og þroskaferli borgarinnar sem snjallborg. Þá er m.a. átt við framvindu deili- og hringrásahagkerfisins og framsækni í nýjungagjöllum lausnum. Niðurstöðurnar verða nýttar til þess að fylgjast með stöðu borgarinnar á alþjóðavísu í gegnum samanburðargrunn WCCD, sem leiðarljós í því að betrubæta borgarumhverfið á snjallan og stafrænan hátt og til þess að kortleggja Heimsmarkmiðavinna borgarinnar.

Það sama á við um þriðja staðalinn, ISO 37123 um seiglu (resilience) borgarinnar, en innleiðing hans hefst í lok ársins 2021. Með seiglu er átt við að borgin geti aðlagð og jafnað sig fljótt á þeim áföllum sem hún gæti orðið fyrir af völdum náttúruhamfara eða manna. t.d. jarðskjálftum, eldgosum, heimsfaröldrum líkt og COVID-19, fjármálakreppum, netárásum og fleira.

8 Samantekt

Yfirliti yfir innleiðingu Græna plansins á fyrsta ársfjórðungi ársins 2021 er ætlað að veita greinargóða yfirsýn yfir stöðu innleiðingarinnar og framkvæmd einstakra aðgerða og áætlana. Mikil vinna hefur verið lögð í bregðast við þeim efnahagslegu áföllum sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft í för með sér og í að taka markviss skref til að framtíðarsýn Græna plansins geti orðið að veruleika. Þannig endurspeglar ársfjórðungsskýrslan öfluga fjárfestingu í grænum samgöngum, grænum innviðum, grænum hverfum, grænni nýsköpun og grænum störfum sem ætlað er að auka lífsgæði fólks í borginni og gera Reykjavík að enn betri stað til að búa og starfa.

Ítarlegt yfirlit yfir stöðu aðgerða Græna plansins árið 2021 og einkum um annan ársfjórðung ársins má sjá í viðauka við ársfjórðungsskýrsluna.



Viðauki: Græna planið - Stefnum, áættlanir og aðgerðir 2021

Stefnur til samþykktar 2021	Lýsing	Staða	Stöðulýsing - 30. júní 2021
Adalskipulag Reykjavíkur - Uppfærsla til 2040	Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlanging skipulagstímabils til ársins 2040. Sett verður fram almenn sýn um þróun borgarinnar til lengri tíma, gerð grein fyrir megin forsendum breytinga og þeim lýst.	Í vinnslu 3	Samþykkt var í borgarstjórn 15.6.2021 að setja Adalskipulagið í auglýsingu og verður það í auglýsingu til 31. ágúst 2021.
Atvinnu- og nýsköpunarstefna Reykjavíkur	Mótun atvinnu- og nýsköpunarstefnu með áherslu á fjölbreytileika, sjálfbærni, samkeppnishæfni og nýsköpun.	Í vinnslu 2	Í apríl voru haldnir 18 samráðsfundir með atvinnulífnum þar sem 83 einstaklingar tóku þátt. 6 umsagnir bárust frá þeim 35 aðilum sem óskað var umsagnar frá í gegnum tölvupóst, tvær umsagnir bárust frá einum innan borgarinnar auk þess sem nokkrar umsagnir hafa borist í gegnum samráðsgáttina Betri Reykjavík. Um miðjan júní hófst vinna við gerð að fyrstu drögum stefnunnar og er áætlað að þau verði tilbúin í ágúst. Stefnt er að því að stefnan verði samþykkt haustið 2021.
Loftslagsáætlun Reykjavíkur	Endurskoðun loftslagsáætlunar sem miðar að kolefnishlutleysi Reykjavíkur 2040 og aðlögun að loftslagsbreytingum.	Lokið	Endurskoðun er lokið og aðgerðaáætlun 2021-2025 samþykkt.
Velferðarstefna Reykjavíkur	Mótun heildstæðrar velferðarstefnu sem ætlað er að ná fram heildarmynd af þeim mismunandi málaflokkum sem heyrna undir velferðarráð og velferðarsvið, forgangsraða verkefnum og skipuleggja starfsemina þannig að stefna sviðsins, gildi og leiðarljós í þjónustuveitingu verði ávallt í forgrunni og í samræmi við stefnumótun ráðsins.	Lokið	Velferðarstefna Reykjavíkur var samþykkt í borgarstjórn 15.6.2021.
Lýðheilsustefna Reykjavíkur	Mótun lýðheilsustefnu ásamt tillögum að framfylgd og fyrstu aðgerðum. Markmið stefnunnar er að skapa umhverfi og aðstæður sem auka jöfnuð, heilsu og hamingju þannig að allir borgarþátttakendur hafi tækifæri á að njóta lífsins í sátt og samlyndi.	Í vinnslu 3	Drög að lýðheilsustefnu Reykjavíkur var lögð fram til kynningar í borgarráði 20.5.2021 og til fyrri umræðu í borgarstjórn 1.6.2021. Stefnudrögin eru til birtingar og samráðs á Betri Reykjavík fram í ágúst 2021.
Lýðræðisstefna Reykjavíkur	Mótun nýrrar stefnu í lýðræðismálum með það að markmiði að efla samráð við borgarþátttakendur og formgera enn frekar möguleika þeirra til áhrifa á stjórnmál Reykjavíkurborgar. Stefnan verði leiðarljós um það með hvaða hætti íbúar koma að ákvarðanatöku í verkefnum Reykjavíkurborgar.	Í vinnslu 3	Lokadrög stefnunnar eru í umsagnarferli til 23. ágúst 2021. Áætlað er að stefnudrög, aðgerðaráætlun og mælanleg markmið verði lögð fyrir borgarstjórn í september 2021.
Aðgengisstefna Reykjavíkur	Heildstæð stefna ásamt aðgerðaáætlun um aðgengismál í viðtóm skilningi í Reykjavík með algilda hönnun að leiðarljósi, bæði hvað varðar aðgengi að byggingum og borgarrýmum og hvað varðar aðgengi að upplýsingum og þjónustu.	Í vinnslu 3	Samráðsferli um aðgengisstefnuna er á lokastigum, en það fól í sér söfnun á aðgengissögum og hugmyndum á Betri Reykjavík sem er lokið og samráðsfund með fulltrúum hagsmunasamtaka fátáðs fólks. Aðgengisstefnan hefur að auki verið unnin í nánun samráði við aðgengis- og samráðsnefnd. Áætlað er að stefnan fari í umsagnarferli í haust.
Menningarstefna Reykjavíkur	Endurskoðun menningarstefnu Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlunar. Menningarlífið höfuðborgarinnar á að standa öllum opið, þannig að hver og einn skynji hlutdeild sína í menningarlífinu, hafi jafnt aðgengi og geti tekið þátt í því á eigin forsendum.	Í vinnslu 2	Drög að menningarstefnu Reykjavíkurborgar liggja fyrir. Þau fara í opið samráð í byrjun júlí á Betri Reykjavík og lýkur því 20. ágúst. Vinna við aðgerðaáætlun er hafin.
Fjármálastefna Reykjavíkur	Fjármálastefnan er samþykkt samhliða Græna planinu og styður við það. Stefnan byggir m.a. á grunnildum sjálfbærni, varfærni og stöðugleika í fjármálum. Hún tekur gildi árið 2021 og verður markmiðum hennar fylgt eftir með reglubundnum hætti.	Lokið	Fjármálastefna Reykjavíkur var samþykkt í borgarstjórn 15.12.2020.
Áhættustefna Reykjavíkur	Mótun áhættustefnu sem myndar heildstæða umgjörð áhættustjórnunar hjá A-hluta Reykjavíkurborgar. Hún styður við meginmarkmið borgarinnar og sviða hennar, styrkir grundvöll ákvarðanatöku og tryggir að settum lögum og reglum sé fylgt í starfsemi.	Lokið	Áhættustefna Reykjavíkur var samþykkt í borgarstjórn 15.6.2021.

Aðgerðir 2021 - Efnahagsmál	Lýsing	Staða	Stöðulýsing
Aðgerðaáætlun í fjármálum Reykjavíkur - Reykjavík vex út úr vandanum	Aðgerðaáætlun í fjármálum Reykjavíkur með áherslu á framsókn og verndun velferðar, lífsgræða og starfa.	Í vinnslu 2	Aðgerðaráætlun í fjármálum er í framkvæmd.
Fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar	Fjárfestingaráttak borgarinnar þar sem grænar fjárfestingar og góð nýting fjármuna er í fyrsta sæti og fjármagnað með útgáfu grænna skuldabréfa.	Í vinnslu 2	Fjárfestingaráætlun er í vinnslu
Markaðsáttak Reykjavíkur í ferðamálum	Markaðssetning Reykjavíkur innanlands og erlendis og styrking sjálfstæðrar ímyndar borgarinnar sem áfangastaður og að skapa skýra sérstöðu borgarinnar.	Í vinnslu 3	Innlend markaðssetning fyrir af stað af fullum þunga í maí undir merkjum Borgarinnar okkar á öllum helstu miðlum. Erlend markaðssetning, undir merkjum RE, var áfram unnin í gegnum samfélagsmiðla, almannatengsl og samstarfsverkefni. Eftir undirbúningu í vor fór herferðin formlega af stað á erlendum mörkuðum þann í byrjun júlí.
Húsnæðisáætlun Reykjavíkur	Húsnæðisáætlun skilgreinir helstu byggingarsvæði í Reykjavík, lóðaúthlutun, fjárframlög til húsnæðismála, samvinnu við húsnæðisfélög sem byggja án hagnaðarsjónarmiða, kaupáform Félagsbústaða og uppbyggingu borgarinnar á félagslegum húsnæðisúrræðum.	Í vinnslu 2	Undirbúningurinn er hafin, húsnæðisáætlun er lögð fram árilega að hausti til. Ársfjórðungsskýrslur húsnæðisáætlunar fyrir jan-mars og apríl-júní 2021 útgefnar.
Úthlutunaráætlun íbúðarhúsalóða	Úthlutunaráætlun íbúðarhúsalóða árið 2021 er áætlað að úthluta lóðum undir 1.028 íbúðir; lóðir fyrir 400 íbúðir fyrir verkefni borgarinnar um hagkvæmt húsnæði - ungt fólk og fyrstu kaupendur, húsnæðisfélög lóðir fyrir 260 íbúðir og lóðir undir 367 íbúðir verða seldar í útboði.	Í vinnslu 2	Á fyrstu tveimur ársfjórðungum ársins hefur borgin úthlutað 13 lóðum þar sem byggja má 294 íbúðir. Ný úthlutunaráætlun verður lögð fram á þriðja ársfjórðung 2021.
Græn íbúðauppbygging - Innviðafjárfestingar	Innviðafjárfestingar vegna grænnar íbúðauppbyggingar um alla borg og á nýjum uppbyggingarsvæðum.	Í vinnslu 2	Innviðafjárfestingar eru í gangi í Vogabýggð, á Hlíðarenda og í Gufunesi. Þá er í gangi undirbúningurinn vegna Skerjafjarðar og Ártúnshöfða.
Grænir þekkingarkjarnar og ný athafnasvæði	Uppbygging þekkingartengdra og skapandi greina og ný athafnasvæði, m.a. í Vatnsmýri, Gufunesi, Álfbakka, á Eslumelum og í miðborginni.	Í vinnslu 2	Vinna við nýtt félag miðborgarinnar gengur vel og er stefnt að ráðstefnu í haust þar sem sú vinna verður kynnt ásamt stöðu verkefna varðandi atvinnuhúsnæði í miðborginni. Undirbúningur alþjóðlegrar markaðssetningar þekkingarþorpans í Vatnsmýri er í fullum gangi undir forystu Íslandsstofu. Undirbúningur að þekkingarþorpi í Gufunesi er hafin auk þess sem nokkrar eignir þar eru nú í söluferli undir skapandi greinir. Deiliskipulagsvinna við nýtt athafnasvæði við Hólmsheiði er í fullum gangi.

Aðgerðir 2021 - Umhverfismál	Lýsing	Staða	Stöðulýsing
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2025	Markmið áætlunarinnar er að Reykjavík verði kolefnishlutlaus 2040. Sem hluti af vegferðinni í átt að kolefnishlutleysi var sett fram aðgerðaáætlun 2016-2020 sem verður endurnýjuð fyrir árin 2021-2025.	Lokið	Aðgerðaáætlun 2021-2025 var samþykkt á fyrsta ársfjórðungi.
Grænar samgöngur og Borgarlína	Fjárfestingar Reykjavíkur í grænum samgöngum, samgöngusáttmála og fyrstu áföngum Borgarlínu.	Í vinnslu 1	Frumdrög fyrir fyrstu framkvæmdalotu, heildstæðar tillögur að útfærslu borgarlínu framkvæmda á 14,5 km leið frá Ártúnshöfða að Hamraborgar voru kynntar í febrúar. Í kjölfar útboðs er búið að velja öflugt hönnuarteymi. For- og verkhönnun, mat á umhverfisáhrifum og skipulagsvinna sveitarfélaga er hafin. Framkvæmdir við fyrstu lotu eiga að hefjast 2022 og ljúka 2025. Framkvæmdir við næstu þrjár lotur eiga að hefjast 2023-2024.
Hjólreiðaáætlun 2021-2025	Markmið hjólreiðaáætlunar er að auka hlutdeild hjólreiða í öllum ferðum fólks innan borgarinnar, að öryggi í hjólreiðum sé í fyrirrúmi og að hjólreiðar eiga að vera fyrir alls konar fólk og á alls konar hjólum. Síðast en ekki síst að það sé gaman að hjóla!	Lokið	Hjólreiðaáætlun var samþykkt í borgarstjórn 15.6.21 og skipaður stýrihópur til innleiðingar í byrjun júlí sl. Borgarráð hefur samþykkt að bjóða út framkvæmdir við hjólreiðastíga fyrir 1,5 milljarð króna á árinu 2021.
Græn svæði	Fjárfestingar í grænum svæðum og gróðri víðs vegar um borgarlandið.	Í vinnslu 3	Undirbúningur vegna framkvæmda við 3. áfanga Græna netsins er hafinn. Útboðsferli er hafi og stefnt að framkvæmdum í haust.

Forgangsaætlun matarstefnu	Áætlun um forgangsröðun aðgerða innan matarstefnu Reykjavíkurborgar. Markmið matarstefnu eru að stuðla að betri heilsu Reykvikinga, styrkja máltíðabjónustu og stuðla að því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar öryggi, sjálfbærni, lýðheilsu og hagkvæmni.	Í vinnslu 3	●	Lokið var við um þrójung aðgerða matarstefnu árin 2018-2020. Forgangsaætlun er ætlað að forgangsráða eftirstandandi aðgerðum. Starf verkefnastjóra matarhúss hefur verið auglýst og stefnt er að ráðningu í haust. Samhliða því verður matarstefnuteymi borgarinnar skipað og því ætlað að stýja við innleiðingu matarstefnunnar.
Græn skref í starfsemi borgarinnar	Árið 2021 verður áttak til fjölgunar vinnustöðum í Grænum skrefum í starfsemi Reykjavíkurborgar. Verkefnið snýst um að efla vistvænna rekstur í starfsemi borgarinnar ásamt því að skapa fordæmi í því að minnka umhverfisáhrif sveitarfélagsins með kerfisbundnum hætti.	Í vinnslu 2	●	Á yfir 350 vinnustöðum Reykjavíkurborgar eru 147 skráðir í Græn skref. Kynningaráttak er yfirstandandi, m. a. á Workplace og FacebookMánaðarlega er gefið út rafrænt fréttabréf og fundir haldnir fyrir tengiliði Grænna skrefa.

Aðgerðir 2021 - Samfélagsmál	Lýsing	Staða	Stöðulýsing
Aðgerðaáætlun með velferðarstefnu	Á grunni velferðarstefnunnar verður lögð fram aðgerðaáætlun borgarinnar í velferðarmálum.	Lokið	● Aðgerðaáætlun með velferðarstefnu 20231-2025 var lögð fyrir og samþykkt með velferðarstefnu 15. júní 2021.
Vinnumarkaðs aðgerðir - fjölgun starfa	Græni hluti fjárfestingaráætlunar Reykjavíkur gerir ráð fyrir að skapa 1.200 bein og afleidd störf á næsta ári á sama tíma og þau störf sem fyrir eru verða varin. Áhersla er á fjölbreytt störf og fækkan einstaklinga á atvinnuleysisráði og á fjárhagsaðstoð og að skapa sumarstörf fyrir námsmenn 2021.	Í vinnslu 2	● Vinnumarkaðsaðgerðir höfust haustið 2020 með áherslu á ráðningu einstaklinga með og án bótaréttar, oftast í 6 mánaða ráðningar. Í sumar er búið að ráða alls 163 einstaklinga. 477 viðbótarsumarstörf fyrir námsfólk 18 ára og eldri voru í boði í samvinnu við Vinnuáráttastofnun og voru þau fullnýtt af sviðum Reykjavíkurborgar. Einnig var fjölgað um 200 störf fyrir 17 ára einstaklinga og voru þau einnig fullnýtt af sviðum Reykjavíkurborgar. Verið er að klára uppgjör vegna sumarstarfa en skv. fyrstu upplýsingum er almenn ánægja með sumarstarfsfólki og mörg verkefni sem hafa fengið brautargengi vegna þessa.
Virkiúrræði	Endurskoðun á öllum virkiúrræðum velferðarsviðs með áherslu á virkni, fjölbreytileika og aðgengi.	Í vinnslu 1	● Teymisstjóri virkniúrræðs hefur tekið til starfa og undirbúningur að starfi Virkniúrræðs er hafinn með góðu samstarfi við Vinnu og virkniúrræði borgarinnar. Verið er að leita að húsnæði fyrir starfsemi Virkniúrræðs.
Uppbygging búsetuúrræða fyrir fatiað fólk	Uppbyggingaráætlun vegna húsnæðis fyrir fatiað fólk - Árið 2021 verða fimm íbúðakjarnar með 29 íbúðum tilbúin ásamt þjónustuíbúðum.	Í vinnslu 3	● Þrjár íbúðakjarnar sem stefnt var að árið 2021 eru tilbúin.
Uppbygging búsetuúrræða fyrir heimilislausa	Uppbyggingaráætlun vegna húsnæðisúrræða fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir gerir ráð fyrir að úthlutað verði í 10 smáhýsi árið 2021.	Í vinnslu 2	● 5 smáhýsi eru komin upp, 2 við Skógarhlíð og 3 við Kleppsmýrarveg sem fjótleiga verður hægt að úthluta. Stefnt er að uppsetningu 10 annarra smáhýsa til viðbótar í ár og á næsta ári.
Fjölgun félagslegra íbúða	Áætlun um fjölgun félagslegra íbúða gerir ráð fyrir að þeim fjölgi um vel á annað hundrað á árinu 2021.	Í vinnslu 2	● Félagsbústaðir hafa jafnt og þétt verið að kaupa íbúðir á þessu ári. Flestar eru tengdar kaupréttarsamningum en í lítil hluti íbúðanna er keyptur á almennum markaði enda er íbúðarverð hátt núna vegna mikillar eftirspurnar eftir íbúðarhúsnæði til kaups.
Fjölgun hjúkrunarrýma	Fjölgun hjúkrunarrýma í Reykjavík árið 2021 í samvinnu við ríkið.	Í vinnslu 1	● Heilbrigðisráðuneytið og Reykjavíkurborg munu standa saman að byggingu nýs hjúkrunarheimilis í Reykjavík. Í byggingunni verða um 132-144 ný rými.
Velferðartækni í heimbjónustu og heimahjúkrun	Til ársins 2022 er sérstök áhersla lögð á prófanir og innleiðingu á tæknilausnum í heimbjúkrun borgarinnar með það að markmiði að bæta þjónustu, tryggja gæði og öryggi og stuðla að sjálfstærðri búsetu í heimahúsum til að bæta lífsgæði notenda.	Í vinnslu 2	● Áframhaldandi prófanir eru á verk- og tækniferlum skjáheimsókna. Notendur hafa val um að fá skjáheimsókn í stað hefðbundinna heimsókna heimahjúkrunar. Myndsamtölum í heimbjúkrun hefur fjölgað um 46% á tímabilinu.
Aðgerðaáætlun gegn sáráfatækt	Aðgerðir sem miða að því að sporna við sáráfatækt hjá börnum og fjölskyldum þeirra.	Í vinnslu 3	● Undirbúningur er hafinn fyrir prófanir á sjálfvirkum lyfjaskömmtum í heimbjónustu. Markaðsrannsókn framkvæmd og verðfyrirspurn send á tvö íslensk fyrirtæki í kjölfarið. Í aðgerðaráætlun eru settar fram 15 aðgerðir til ársins 2023. Fimm aðgerðum er lokið, 9 aðgerðir eru í ferli og 2 aðgerðir eru ekki hafnar.
Farsældarþjónusta fyrir börn og unglinga og efling stoðþjónustu við börn með sérstakar þjónustuparfir í skóla- og frístundastarfi	Nýtt farsældarfrumvarp Barna- og félagsmálaráðherra mun taka gildi árið 2022. Vinna verður unnin árið 2021 við skipulagsbreytingar og gerð nýrra verkferla til samræmis við farsældarfrumvarpið. Aukin samþætting og einföldun skipulags og starfsemi stoðþjónustu til barna með sérstakar þjónustuparfir og fjölskyldna þeirra.	Í vinnslu 1	● Verkefnisstjóri og faglegur leiðtogi skólabjónustu þjónustumiðstöðva í núverandi mynd vinnur fyrir SFS og VEL að undirbúningi nýrrar löggjafar um farsæld barna og að innleiðingu tillagna stýrnihópsins Ísaks um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir sem samþykktar voru í júní 2021. Undirbúningur hafinn við að setja af stað ýmsa starfshópa vegna verkefnisins.
Stuðningur við börn og fjölskyldur af erlendum uppruna í öllum hverfum	Verkefnið Velkomin í hverfið hefur það að markmiði að veita stuðning við fjölskyldur af erlendum uppruna. Verkefnið sem hefur verið tilraunaverkefni verður innleitt í öll hverfi borgarinnar.	Lokið	● Verkefnið hefur verið innleitt í öll hverfi borgarinnar.
Markviss stuðningur við börn af erlendum uppruna í skóla- og frístundastarfi	Markviss og efling stuðningur við börn af erlendum uppruna til að tryggja virka þátttöku þeirra í íslensku samfélagi í nútíð og framtíð.	Í vinnslu 2	● Unnið er að innleiðingu á stefnu SFS í málefnum fjölmennar skv. áætlunum þar um, ýmis verkefni í vinnslu og önnur í undirbúningi, svo sem íslenskuver
Stafræn tækni í skólalærni	Efling bekkingar starfsfólks skóla- og frístundasviðs á að nýta stafræna tækni, tryggja gæði þjónustuferla varðandi ráðgjöf, fræðslu, innkaup á búnaði og hagnýtingu stafrænnar tækni. Einnig að tryggja persónuvernd og stafræna hæfni starfsfólks og barna. Þá er gert ráð fyrir að búnaðarstaða sem tengist stafrænni tækni í námi og starfi verði bætt.	Í vinnslu 2	● Verkefnisstjóri ráðinn í verkefnið, reglulegir stýrnihópsfundir haldnir, skerpt á verkefnarannsókn og verkþættir skilgreindir. Búnaðarstaða orðin nokkuð skýr fyrir unglingastig. Útboð tilbúið til auglýsingar. Nokkrir skólar búnir með SELFIE könnun og hafa fylgt út í Leiðarlýkilinn. Flestir skólar hafa tilkynnt um Gröskutengilið. Drög að afhendingaráætlun tilbúin og forsendur forgangsröðunar skóla skýrar og samþykktar í stýrnihóp. Pósthólf fyrir Gröskuna stofnað og samskiptum tengdum verkefnum beint í þann farveg. Undirbúningur fyrir sumarsmiðjum í fullum gangi.
Aðgerðaáætlun gegn ofbeldi	Endurnýjun aðgerðaáætlunar gegn ofbeldi sem er sett fram til að fá yfirsýn yfir þau fjölmörgu verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi. Markmiðið er að skapa öruggt umhverfi borgarbúa með því að vinna gegn ofbeldi á ýmsum sviðum samfélagsins.	Í vinnslu 3	● Drög að aðgerðaáætlun hafa verið kynnt í nefndum og ráðum og verður hún lögð fram til samþykktar haustið 2021
Brúum bilið – Uppbygging leikskóla	Áfangar 2021: 1. Undirbúningur opunar nýrra leikskóla í endurbættu húsnæði: a) Kleppsvegur 150-152. b) Safamýrarskóli. 2. Markaðskönnun um leigu húsnæði fyrir leikskóla. 3. Unnið að undirbúningi byggingar nýrra leikskóla, viðbygginga eldri leikskóla og fjölgunar deilda í starfandi leikskólum.	Í vinnslu 2	● 1. a) Kleppsvegur 150-152, hönnun lokið og niðurrið sem þarf er í gangi. b) Safamýrarskóli, hönnun lokið og niðurrið sem þarf er í gangi. 2. Búið að gera samning við íþöku um leigu á Brietartúni 11 fyrir leikskóla. 3. Verið að undirbúa keppnislýsingu fyrir Vogabyggðarskóla. Unnið með arkitektum og USK við að yfirfara teikningar af vinningsstillingu Miðborgarleikskóla. Viðbygging við Seljakot er klár og unnið er að endurbótum innan húss í samræmi við fjölgun barna. Viðbygging við Funaborg er í hönnunarferli. Búið að reisa laus húsið við Gullborg og viðbyggingu við gamla húsið og yfirstandandi eru lagfæringar innan húss. Niðurrið hafið í Laugasól. Unnið er að hönnun þriggja feranlegra eininga (samsettir gámar) sem rúmar hver fyrir sig 100 börn.
Uppbygging grunnskóla	Uppbygging nýrra grunnskóla í Skerjafirði og í Vogabyggð. Viðbyggingar við eldri grunnskóla.	Í vinnslu 1	● Tveir nýir grunnskólar í forsagnarvinnu (Skerjafirður og Vogabyggð) og verið að skoða húsnæðismál 9 grunnskóla til viðbótar.
Endurnýjun og uppbygging skólaálda	Endurgerðir og sérstakt áttak við eldri leikskólalóðir og grunnskólalóðir.	Í vinnslu 2	● Hönnunarferli lokið og framkvæmdir hafnar eða hefjast á næstu vikum á 5 grunnskólalóðum og 4 leikskólalóðum sem verið er að endurnýja einnig á 6 leikskólalóðum þar sem verið er að gera áttak. Gert er ráð fyrir að þessi vinna klárast á næstu 3 mánuðum.
Uppbygging íþróttamannvirka	Áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirka tekur árið 2021 til enduruppbygginga og undirbúnings og byggingar íþróttamannvirka og svæða fyrir íþróttafélög og til sundlauga auk endurnýjunar ýmiss konar tækjabúnaðar.	Í vinnslu 2	● Vinna við uppbyggingaráætlun íþróttamannvirka gengur skv. áætlun fyrir árið 2021 og einstök verkefni í vinnslu skv. henni og samþykktum tillögum í borgarráði 19.11.2020.
Uppbygging menningarhúsa	Áætlun um uppbyggingu menningarhúsa tekur árið 2021 til endurbóta og viðhalds eldri menningarhúsa, m. a. Grófarhús og Hafnarhús, og til byggingar nýrrar menningarmiðstöðvar í Úlfarsárdal.	Í vinnslu 2	● Vinna við uppbyggingaráætlun menningarhúsa gengur skv. áætlun fyrir árið 2021 og einstök verkefni í vinnslu skv. henni.

Stoðaðgerðir 2021	Lýsing	Staða	Stöðulýsing
Sviðsmynda- og áhættugreiningar	Sviðsmynda- og áhættugreiningar á þremur sjálfbærnivíddum Græna plansins í þeim tilgangi að skilgreina styrkleika, veikleika og helstu ógnanir og tækifæri til næstu 10 ára.	Í vinnslu 2	Gerð sviðsmynda um það hvernig borg Reykjavík verður árið 2035 með tilliti til efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra þátta var langt á veg komin í lok júní. Stefnt er að því að klára gerð sviðsmynda fyrir miðjan júlí og að því að nota samarð til að rýna niðurstöður áður en þær verða til kynningar í ágúst.
Evrópusamstarf og styrkir til rannsókná, nýsköpunar og atvinnuþróunar	Áætlun um þátttöku Reykjavíkur í Evrópusamstarfi og rannsóknaráætlun ESB 2021-2027 sem getur skilað borginni fjármögnun á stöðugildum og verkefnum, verðmætri þekkingu og aðgengi að sérfræðiþekkingu sem annars þyrfti að kaupa auk þess sem fyrirtæki í borginni fá stuðning í formi styrkja og aðgengi að markaði.	Í vinnslu 2	Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní og eru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
Stafræn umbreyting	Stafræn umbreyting Reykjavíkurborgar ásamt fjárfestingu og uppbyggingu á grunninnviðum í upplýsingatækni hjá Reykjavíkurborg.	Í vinnslu 1	Fyrri hluta ráðninga lokið og verið að innleiða mannauð og skipulegga auðlindir. Stafrænir leiðtogar eru að hefja störf við forgangróðun verkefna. Yfirstandandi vinna við að færa tölvusal í grænni rekstarlausnir.

Samvinna við fyrirtæki borgarinnar	Lýsing	Staða	Stöðulýsing
Samráð Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar	Reglubundið samráð verði á milli Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar um Græna planið og einstaka samstarfsverkefnum sem sum fyrirtækin eða öll koma að.	Í vinnslu 3	Starfshópar Reykjavíkurborgar og B-hluta félaga skilðu niðurstöðum í júní sem eru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Tillögum ávarpa m.a. reglubundið samráð borgarinnar og fyrirtækja hennar og verður áfram til skoðunar hvernig má treysta það betur í sessi.
Orkuskipti í Reykjavík	Samstarf um orkuskipti á næstu árum með þátttöku borgarinnar og fyrirtækja hennar til að tryggja markviss og góð orkuskipti á næstu árum.	Í vinnslu 3	Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní og eru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
Græn fjármál Reykjavíkur	Samstarf um græn innkaup, sjálfbæra og félagslega fjármögnun og önnur græn fjármál til að drífa áfram græna planið á næstu árum fyrir Reykjavíkurborg og fyrirtæki hennar.	Í vinnslu 3	Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní og eru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
Hringrásarhagkerfið í Reykjavík	Stefnumótun fyrir Hringrásarhagkerfið í borginni með aðkomu fyrirtækja borgarinnar, sem tekur til söfnunar og miðlunar, inkaupa og fráveitna, t.d. nýtingu á glatvarma, en einnig langlífi hluta, endurnýtingu og aðgerðir gegn plastmengun og matarsóun.	Í vinnslu 3	Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní og eru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
Evrópusamstarf um Kolefnishlutlauslausa og snjalla Reykjavík 2030	Reykjavík sækir fram og verði ein af kolefnishlutlausum borgum innan EES svæðisins 2030 og verði með því sýnidæmi innan Horizon Europe áætlunar Evrópusambandsins sem gefur tækifæri til að draga að fjárfestingar og styrkté til metnaðarfullra nýsköpunarverkefna í borginni.	Í vinnslu 3	Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní og eru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. M.a. er fyrirhugað að skipa starfshóp til að halda áfram með undirbúning umsóknar um að borgin verði ein af kolefnishlutlausum borgum innan Evrópu.
Grænn viðskiptahraðall	Grænn viðskiptahraðall í samstarfi Reykjavíkurborgar og Faxafloahafna þar sem öðrum fyrirtækjum borgarinnar stendur til bóða að taka þátt í. Hraðallinn hefur það markmið að á Íslandi risi stór og stöndug fyrirtæki sem byggja á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins, draga úr losun, skapa störf og auka samkeppnisforskið Íslensks iðnaðar.	Lokið	Verkefninu er lokið. Það var leitt af Icelandic Startups. Faxafloahafnir voru á meðal bakhjarla. Niðurstöður verkefnanna sem unnin voru í hraðlinum voru kynntar á fjárfestadegi í Grósku, 11. júní sl.
Stafræn umbreyting	Samstarf Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar til að flyta fyrir og ftra stafrænni umbreytingu í borginni.	Í vinnslu 3	Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní og eru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.